

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 232/2014****2015/EES/52/24****frá 24. október 2014****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 402/2013 frá 30. apríl 2013 um sameiginlega öryggisaðferð um mat og úttekt á áhættu og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 352/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 402/2013 fellur úr gildi, frá og með 21. maí 2015, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 352/2009 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 21. maí 2015.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42ei (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1078/2012):
„42ej. **32013 R 0402**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 402/2013 frá 30. apríl 2013 um sameiginlega öryggisaðferð um mat og úttekt á áhættu og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 352/2009 (Stjtið. ESB L 121, 3.5.2013, bls. 8).“
2. Texti liðar 42ec (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 352/2009) falli brott frá og með 21. maí 2015.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 402/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 121, 3.5.2013, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 108, 29.4.2009, bls. 4.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.